

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 225/2017

2019/EES/80/17

frá 15. desember 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1510 frá 30. ágúst 2017 um breytingu á viðbættunum við XVII. viðauka (viðvíkjandi efnunum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **2017 R 1510:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1510 frá 30. ágúst 2017 (Stjttð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 110).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1510, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 110.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.